

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Ægissíða 1, landspilda A, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 12. febrúar 2025, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir íbúðasvæðið við Árbæjarveg, vestan Ytri-Rangár. Um fjölgun lóða er að ræða þar sem skipt verður út tveimur lóðum út úr lóðinni Ægissíða 1, landspilda 1. Byggingarheimildir verða uppfærðar til samræmis við stærð lóða. Núverandi tenging frá Árbæjarvegi (271) verður samnýtt með nýjum lóðum. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 27. febrúar 2025.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 13. mars 2025